



# HAFNARFJÖRÐUR

## Minnisblað – öll ráð – ágúst 2020

### Málsnr. 2001456 – Fjárhagsáætlun 2021 - 2024

#### Minnisblað Sambandsins - Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2021 og fjárhagsáætlun til þriggja ára:

- Neysluverðsvísitala hækkar um 2,4% árið 2021 skv. Þjóðhagsspá hagstofu
  - Liðir sem taka vísitöluhækkunum sem og ákveðnir kostnaðarliðir munu því hækka sem því nemur
  - Greiningadeildir bankastofnana og Seðlabanki spá hækku neysluverðsvísitölu á bilinu 1,7 - 2,8%. Meðaltal 2,3%. Sveitarfélög er hvött til að hafa hliðsjón af öðrum spám en nú er einnig reiknað með að uppfærð hagspá Hagstofu verði líklega birt 1. október 2020. (var áður birt 1. nóv hvert ár eða eftir að drög að fjárhagsáætlun voru birt)
- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um 1,85% á landvísu sem er umtalsvert minni hækku en undanfarin ár. Í Hafnarfirði nam hækkuin 3,4%. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 1,64% á landsvísu og 3,1% í Hafnarfirði.
- Launavísitala hækkar um 5,5% skv. Þjóðhagsspá hagstofu og hefur verið miðað við þá hækku í áætlun útsvars. Ljóst er að Covid hefur aukið á atvinnuleysi og er reiknað með að það verði 6,8% árið 2021. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga mun liggja fyrir í október.
- Laun verða sem fyrr áætluð í launakerfi fyrir hvert og eitt stöðugildi.
- Kjarasamningar kennara eiga að liggja fyrir þann 1. október 2020 en búið er að ganga frá samningum við aðra opinbera starfsmenn. Útfæra þarf sérstaklega áhrif af styttingu vinnuviku.
- Áætluð framlög jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni og ljóst að samdráttur í efnahagslífinu hafa valdið því að þeir hafa dregist umtalsvert saman 2019.

#### Tímarammi fjárhagsáætlunar 2021

- Launateningur verður opnaður í viku 34. Launaáætlun á að liggja fyrir í byrjun september (grunn- og leikskóla er ekki hægt að fullklára fyrr en í október).
- Tekjuáætlun unnin í september og október í takti við útkomuspá, efnahagsspá og áherslur.
- Miðlægt rekstraráætlunarskjal verður opnað í viku 35 og skilafrestur er 25. september. (vika 39)
  - Fastir liðir eiga þó að liggja fyrir í ekki síðar en 11. september (vika 37)
  - Athuga þarf sérstaklega áætlun um búnaðarkaup og nauðsynlegt viðhald.



## HAFNARFJÖRÐUR

- **Vinna skal rekstraráætlun miðað við óbreyttan og/eða sparnað í rekstri. Allar óskir um breytingar og/eða viðbætur skulu lagðar fram í sérstökum listum og tekið fyrir eftir að grunnur fjárhagsáætlunar liggur fyrir.**
- Framkvæmdáætlun skal liggja fyrir þann **30. sept.** (vika 40)
- Greinagerð á að vinnast samhliða áætlanagerð og liggja fyrir þegar áætlun verður lögð fram í lok október.
  
- Ráðin verði með **endanlegar tillögur í viku 42** (12 – 16. okt. – ekki ráðsvika) og bæjarráð þarf að afgreiða tillögur í viku **43** (bæjarráð er 22. okt).
- **Lokafrágangur og fjárhagsáætlun – möguleiki á aukafundi í bæjarráði í viku 44. (Athuga að 30. okt er föstudagur og er það síðasti mögulegi dagur fyrir aukafund til endanlegrar afgreiðslu)**
- Fyrri umræða bæjarstjórnar verður 11. nóvember 2020. Seinni umræða og endanleg afgreiðsla fjárhagsáætlunar fari fram eigi síðar en 9. desember þar sem það er síðasti fundur bæjarstjórnar fyrir 15. desember 2020.